

# Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2015



Photo: Shutterstock.com/Wozzom

# Í þágu kvenna um heim allan

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis um heim allan.

Starfsemin er alfarið byggð á frjálsum fjárframlögum aðildarríkja SP, einka- aðila og frá frjálsum félagasamtökum.

Aðalstöðvar UN Women eru í New York en starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar starfa um allan heim. Þá annast svæðisskrifstofur skipulagningu og eftirlit með verkefnum í þeim löndum sem þiggja aðstoð UN Women. Við erum stolt af því að verkefni UN Women eru unnin í samræmi við svæðisbundinn veruleika í Afríku, Asíu og Kyrrahafinu, Suður-Ameríku og Karíbaeyjum, Mið- og Austur-Evrópu og fyrrverandi Sovétlýðveldum.

Landsnefndir UN Women starfa í 13 löndum að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækum löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir sínar til að taka þátt í því. Landsnefnd UN Women á Íslandi er ein slíkra landsnefnda.



# Ávarp utanríkisráðherra



Hvergi í heiminum njóta konur sömu tækifæra og karlar. Þess vegna er þörf á sérstakri stofnun um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á vegum Sameinuðu þjóðanna, UN Women, til að berjast fyrir því sjálfsagða: jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum.

Íslendingar hafa um árabíl verið í fararbroddi þjóða í jafnréttismálum og við skulum ekki draga fjöður yfir það að víða í veröldinni hafa orðið framfarir. Það sést meðal annars á fjölgun stúlkna á skólabekk, fjölgun kvenna í atvinnulífinu og fjölgun kvenna á þjóðþingum, svo dæmi séu nefnd. En þótt jákvæðu dæmin séu mörg áttum við okkur á auga-bragði á því að mikið verk er óunnið þegar við heyrum af konum í þróunarríkjum sem mega ekki eiga farsíma, opna bankareikning eða stofna fyrirtæki. Einungis vegna þess að þær eru konur. Það er óþolandi staða.

Markviss barátta UN Women fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna er mannréttindamál. Í orði kveðnu eru allir bornir frjálsir og jafnir en konur eru engu að síður enn beittar ýmiss konar misrétti vegna kynferðis. Stúlkum er neitað um menntun, nauðungarhjónabönd ungra stúlkna eru útbreidd og tölur um kynbundið ofbeldi eru skelfilegar.

Á árinu 2015 voru mörkuð mikilvæg tímamót í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Þá voru liðnir tveir áratugir frá kvennaráðstefnunni í Peking og fimmtán ár frá því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Í september voru heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun samþykkt á leiðtoga-fundi, alls sautján meginmarkmið, sem eiga að nást fyrir árið 2030.

Íslendingar lögðu eins og margar aðrar þjóðir sem bera hag kvenna fyrir brjósti áherslu á jafnrétti kynjanna í löngu samningaferli í aðdraganda heimsmarkmiðanna. Frá því markmiðin voru samþykkt hafa margir lýst því viðhorfi að fimmta markmiðið sé öðrum mikilvægara, markmiðið um jafnrétti kynjanna. Aðeins með því að konur njóti sömu tækifæra og karlar verði unnt að tryggja þær framfarir sem heimsmarkmiðin stefna að á öllum sviðum, svo samtvinnað sé jafnrétti öðrum markmiðum um fátækt, heilsu, hungur, menntun, atvinnu, efnahag og þannig mætti áfram telja.

Ég tek heilshugar undir þessi viðhorf. Misréttið hamlar framförum. Ef við ætlum að bæta heiminn blasir við að réttindi helmings mannkyns verða að vera tryggð til jafns á við hinn helminginn. Margir karlar hafa núorðið meiri skilning á því að jafnréttisbarátta er fjarri því að vera kvennabarátta. Forveri minn í starfi utanríkisráðherra lagði mikla áherslu á aukna þátttöku karla í baráttunni fyrir kynjajafnrétti með svokölluðum rakarastofuráðstefnum og öflugum stuðningi við #HeforShe átak UN Women sem hefur það markmið að hvetja karla til að taka virkan þátt í baráttunni fyrir kynjajafnrétti.

Jafnréttismál eru einn mikilvægasti málaflokkurinn í íslenski utanríkisstefnu og lykilþáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Stuðningur ráðuneytisins við jafnréttismál er undirstrikaður í sérstökum samningi við landsnefnd UN Women á Íslandi sem var endurnýjaður haustið 2015 og gildir í þrjú ár, auk þess sem UN Women er ein af fjórum lykilstofnunum Íslands í fjölþjóða þróunarsamvinnu. Íslenska landsnefndin hefur verið einstaklega kröftug og hugmyndarík og ég treysti því að hún vinni áfram ötullega að framgangi jafnréttismála, mannkyni öllu til heilla.



# Ávarp formanns



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt á síðastliðnu ári og taka þau við af Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru um aldamótin síðustu. Nýju markmiðin eru sautján og mun fleiri en þau fyrri. Þau taka á vandamálum sem eiga sér stað um heim allan óháð efnahagslegri stöðu þjóða. Þau spanna vítt svið sjálfbærrar þróunar á sviði félags-, efnahags- og umhverfismála. Aðalsmerki þeirra er að þau eru algild (e. *universal*) og ber öllum þjóðum að vinna skipulega að þeim bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi á næstu fimmtán árum eða fram til ársins 2030.

Eitt af heimsmarkmiðunum, það fimmta, snýr að því að tryggja jafnrétti kynjanna. Markmiðið um jafnrétti kynjanna er talið hið allra mikilvægasta þar sem það helst í hendur við öll hin markmiðin. Ljóst er að ómögulegt er að ná hinum sextán heimsmarkmiðunum án þess fimmta – Jafnréttis kynjanna og valdeflingar allra stúlkna og kvenna. Það má öllum vera ljóst að ekki er hægt að sigra með aðeins helming liðsins eða eins og Phumzile Mlambo Ngcuka framkvæmdastýra UN Women sagði: „Með samþykkt heimsmarkmiðanna hafa aðildarríkin sett fram fyrningardagsetningu á kynjamisrétti: 2030. Nú er tímabært til að hefjast handa og byrja að innleiða aðgerðaáætlun í jafnréttismálum þar sem enginn verður útundan.“

Innleiðing heimsmarkmiðanna er áberandi í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna. Í síðastliðnum september komu fulltrúar frá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna saman fyrir tilstilli UN Women og hétu því að beita sérhæfðum aðgerðum til að binda enda á mismunun gegn konum og stúlkum. Skuldbindingarnar ná yfir stærstu hindranir sem konur geta mætt á lífsleiðinni, t.d. ofbeldi gegn konum, löggjöf sem mismunar konum og kynbundinn launamun. Skuldbindingar Íslands snúa m.a.

að því að útrýma kynbundnum launamun á Íslandi fyrir 2022, jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum fyrir 2020 og fá fleiri karla til liðs við jafnréttisbaráttuna bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

Konur og stúlkur eru meira en helmingur íbúa jarðar. Þær verða oftarr verr fyrir barðinu á fátækt, loftslagsbreytingum, skorti á heilbrigðisþjónustu og efnahagskreppum og því er gríðarlega mikilvægt, nú sem aldrei fyrr, að tryggja jafnrétti og valdeflingu stúlkna og kvenna um heim allan. UN Women er málsvari kvenna og gegnir lykilhlutverki innan Sameinuðu þjóðanna þegar kemur að vinnu í þágu kvenna og jafnréttis. Landsnefnd UN Women á Íslandi er samherji UN Women og hefur það hlutverk að vekja almenningu til vitundar um jafnréttismál og stöðu kvenna í þróunarlöndum, þrýsta á stjórnvöld að leggja til fjármuni til jafnréttismála og safna framlögum til að sinna öllum þeim brýnu verkefnum sem hrinda þarf í framkvæmd til að bæta stöðu kvenna um allan heim.

Það er svo sannarlega hægt að gleðjast yfir þeim góða árangri sem náðst

hefur í starfi landsnefndar UN Women á Íslandi síðastliðin ár. Þessi árangur hefði aldrei orðið að veruleika nema vegna þeirra fjölmörgu einstaklinga hér á landi sem láta sig varða stöðu kvenna í þróunarlöndum. Þátttaka í starfi og viðburðum á vegum landsnefndar hefur verið mikil auk þess sem styrktaraðilum í Systralaginu hefur fjölgað hratt á undanförunum árum. Með stuðningi þessara fjölmörgu og öflugra einstaklinga hefur okkur tekist að ríflega þrefalda framlög okkar til verkefna á vegum UN Women á aðeins fjórum árum. Við hjá íslensku landsnefndinni erum afar stolt af því hversu vel starfsemi samtakanna hefur dafnað undanfarin ár og hvernig framlag okkar til UN Women hefur aukist jafnt og þétt ár frá ári. Framlög frá þeim tæplega 5.100 einstaklingum sem eru í Systralaginu skipta verulegu máli. Fyrir hönd landsnefndarinnar færi ég öllum sem lagt hafa starfinu lið bestu þakkir fyrir þeirra framlag til þeirra mikilvægu verkefna sem unnin eru á vegum UN Women – framlag ykkar er ómetanlegt í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna um heim allan.

Guðrún Ögmundsdóttir

## Efnisyfirlit

- 5 Fjáröflun
- 9 Vitundarvakning
- 14 Kynningarstarf og fræðsla
- 19 Nýr samningur við utanríkisráðuneytið
- 20 Markverðir sigrar á árinu
- 22 Ársreikningur
- 23 English Overview
- 26 Við erum UN Women árið 2014-2015

# Fjáröflun




Landsnefnd UN Women á Íslandi treystir á frjáls framlög til að veita konum og börnum tækifæri til aukinna lífsgæða. Þúsundir lögðu samtökunum lið á árinu, bæði með mánaðarlegum og stökum framlögum.

Líkt og síðastliðin ár rann meirihluti framlaga landsnefndar til verkefna *Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum*, eða 55%, en landsnefndin hefur í gegnum árin lagt ríka áherslu á stuðning við þann sjóð og þar með baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Ellefu prósent runnu til verkefnisins *Öruggar borgir*, sem miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkum í almannarýmum. Þrjátíu og fimm prósentum var varið í svokölluð *kjarnaframlög* til að tryggja fjárhagslegan grunn verkefna samtakanna sem og í neyðaraðstoð.

## Systralagið

Systralagið hefur í gegnum árin verið helsta fjáröflunarleið samtakanna, en síðastliðin ár hafa mánaðarleg framlög einstaklinga og fyrirtækja verið hjartað í starfsemi samtakanna. Dyggir velunn-

## Skipting framlaga eftir verkefnum



■ Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis ■ Kjarnaframlög ■ Öruggar borgir

arar gera því landsnefnd UN Women kleift að senda næsthæsta fjárframlag allra landsnefnda UN Women, fyrir utan Ástralíu, til verkefna UN Women.

Velunnurum UN Women á Íslandi fjölgaði hratt og örugglega eins og fyrri ár en 16% fleiri studdu samtökin með mánaðarlegum framlögum í lok árs en á sama tíma árið 2014. Í lok árs voru mánaðarlegir styrktaraðilar orðnir tæplega 5.100.

Af nýjum styrktaraðilum voru 56% konur og 44% karlar, en hlutfall karla hækkaði svo um munaði á árinu. Þess má geta að 74% nýskráðra eru búsettir


á höfuðborgarsvæðinu en 26% utan höfuðborgarsvæðis.

## Götukynningar


Sjöunda sumarið í röð bauðst gangandi vegfarendum á götum borgarinnar og nágrennasveitarfélaga að skrá sig í Systralagið og gerast mánaðarlegir styrktaraðilar í kjölfar samtals við götukynna UN Women á Íslandi. Teymi götukynna landsnefndarinnar samanstendur af ungu og kraftmiklu fólki sem kynnir starfsemi í almenningssýrum og verslunarmiðstöðvum yfir sumartímann. Götukynnum hefur í gegnum tíðina verið tekið vel af almenningi og kynningarnar verið samtökunum dýrmætt tækifæri til að eiga innihaldsríkt samtal um kynjajafnrétti. Áhersla var lögð á að götukynnar kynntu starfsemi UN Women fyrir fleirum en íbúum höfuðborgarsvæðisins og fóru þeir þvi einnig í stuttar ferðir um suðvesturhornið nokkrum sinnum yfir sumartímann. Var vel tekið á móti þeim hvar sem þeir komu.

## Úthringingar

Öflun nýrra styrktaraðila í gegnum síma hefur reynt landsnefndinni árangursrík leið til að fjölga í hópi velunnara



■ Kona ■ Karl



■ Reykjavík ■ Nágrenni Rvk ■ Utan höfuðborgarsvæðis



Götukynnur UN Women, sumarið 2015.

### Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum (e. *UN Trust Fund to End Violence against Women*):

Helstu áherslur sjóðsins eru afnám ofbeldis gegn konum, aukið aðgengi þolenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu og sterkari löggjöf og stefnumótun um ofbeldi gegn konum. Sjóðurinn styður samstarf frjálsra félagsamtaka og stjórnvalda á hverjum stað og býðst þeim að sækja um styrki í sjóðinn. Styrktarsjóðurinn hefur ávallt lagt ríka áherslu á að styrkja grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Árlega berast sjóðnum yfir 2.000 umsóknir um styrki til verkefna en aðeins hljóta í kringum 25 verkefni styrk. Dæmi um verkefni sem hafa verið styrkt eru neyðarlína fyrir þolendur kynbundins ofbeldis í Hvíta Rússlandi og leiðtogafræðsla fyrir stúlkur í barnaskólum í Kirgistan um hvernig þær geti brugðist við og komið í veg fyrir ofbeldi í garð þeirra.

### Öruggar borgir (e. *Safe Cities Global Initiative*):

Markmið verkefnisins er að skapa konum, unglingum og börnum öruggt líf í borgum án ótta við ofbeldi. Unnið er náið með borgaryfirvöldum og frjálsum félagsamtökum í hverri borg fyrir sig og þannig leitast við að auka öryggi,

draga úr ofbeldi, virkja og efla kvennasamtök og talsmenn barna og móta þannig öruggt og traust umhverfi fyrir alla. Framlag landsnefndarinnar í ár var sérstaklega notað í verkefni UN Women í höfuðborg Ekvadors en kynferðisleg áreitni aftrar konum þar bæði við atvinnuþátttöku og félagslíf. Verkefnið snerist um að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og stúlkum í almenningsrýmum, sérstaklega í almenningsgöngum sem og að gera götur öruggari með aukinni götulýsingu.


### Kjarnaframlög (e. *Core contributions*):

Kjarnaframlög auðvelda UN Women að starfa á tryggum grunni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Framlögin gera UN Women kleift að halda á lofti verkefnum sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning sem og að geta brugðist samstundis við komi til neyðarástands, s.s. vegna náttúruhamfara eða farsóttta. Dæmi um verkefni styrkt með kjarnaframlagi eru griðastaðir fyrir konur og börn sem UN Women starfrækir í fernum flóttamannabúðum í Jórdaníu og kynjamiðuð neyðaraðstoð í kjölfar jarðskjálftans í Nepal þar sem hreinlætis- og nauðsynjavörum á borð við luktir og útvörp var dreift til kvenna.

### Samskipti við styrktaraðila

Tryggð og ánægja velunnara er landsnefndinni mikilvæg og kappkostar hún að styrktaraðilar séu stoltir af stuðningi sínum við samtökin. Í apríl var við-

### „Ég er stolt(ur) af því að vera í Systralagi UN Women“



horfskönnun send á styrktaraðila og kom í ljós að 94% eru stoltir af því að tilheyra Systralaginu.

Landsnefndin vill vera í góðum samskiptum við velunnara sína og sendir reglulega út rafræn fréttabréf með helstu upplýsingum um starf samtakanna, fréttum af verkefnum sem og upplýsingar um viðburði og söluvarning.



### Fokk ofbeldi-armbönd

Landsnefnd UN Women á Íslandi efndi til tveggja vikna átaks dagana 6.–20. febrúar þegar Fokk ofbeldi-armbönd voru seld í Lyfju og Heilsuhúsinu um land allt. Armböndin seldust upp á innan við tveimur vikum. Auglýsingaerferðin fór að mestu fram á samfélagsmiðlunum; Facebook, Twitter og Instagram og er óhætt að segja að armböndin hafi komist á flug þar sem bæði þekkt andlit og óþekkt birtu myndir af sér með armbandið

UN Women á Íslandi og var því áhersla á úthringingar aukin verulega á árinu 2015. Bætti landsnefndin því við sig öflugum hópi fólks í hlutastarf við fjölbreytt úthringing verkefni.



undir kassamerkinu #fokkofbeldi. Vísitandi var ákveðið að hafa nafn herferðarinnar ögrandi því henni var ætlað að hreyfa við fólki og stuðla að vitundarvakningu um baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Hönnuðurnir Katla Rós Völudóttir og Ragnar Már Nikulásson unnu auglýsingaefni herferðarinnar og áttu hugmyndina að því fá nokkra dansara til að mynda í sameiningu orðin FOKK OFBELDI með líkómum sínum. Í sameiningu mynda líkamarnir heild á tvo vegu; annars vegar mynda þeir orðin Fokk ofbeldi og hins vegar er sameining líkama dansaranna tákni um þá sameinuðu krafta sem þarf til að gera okkur sterkari í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Saga Sig ljósmyndari myndaði dansflokkinn. Ágóði armbandanna rann í Styrktarsjóð SP til afnáms ofbeldis gegn konum. Heildarinnkoma sölunnar var rúmar fjórar milljónir. Lyfja styrkti átakið bæði fjárhagslega og með því að selja armböndin.

### Fokk ofbeldi-pokapartý

Vegna mikillar eftirspurnar eftir Fokk ofbeldi-armböndum létu samtökin útbúa taupoka í anda herferðarinnar og var þeim fagnað í Spark Design við Klapparstíg 33 þar sem skálað var og glaðst yfir pokunum og langþráðu sumri. Ljósmyndir Sögu Sig úr fyrrnefndri Fokk ofbeldi-herferð, af þremur líkómum mynda bókstafina Fokk ofbeldi, voru notaðar og þrykktar á pokana sem samtökin seldu bæði í partýinu og á vef samtakanna.

### Kraftur til sýrlenskra kvenna

Dagana 4. til 13. september skoruðu landsnefnd UN Women og Kaffitár á kaffiunnendur, annað árið í röð, að

## Staðreyndir um kynbundið ofbeldi

- 600 milljónir kvenna búa í löndum þar sem heimilisofbeldi er ekki refsivert.
- Líklegra er að íslensk stúlka í 10. bekk á Íslandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni heldur en að hún reyki.
- Yfir helmingur allra morða á konum í Ástralíu, Kanada, Ísrael, Suður-Afríku og Bandaríkjunum er framinn af maka eða kærasta.
- 64 milljónir stúlkna undir 18 ára aldri hafa verið þvingaðar í hjónaband um heim allan. Það eru 39 þúsund stúlkur á hverjum einasta degi eða ein á þriggja sekúndna fresti.
- 140 milljónir stúlkna hafa þurft að þola limlestingu á kynfærum sínum.


bæta 100 krónum við kaffidrykk sinn til veita konum í fátækustu löndum heims kraft til að búa sér og börnum sínum betra líf og framtíð. Í ljósi mesta flóttamannavanda seinni tíma var átakið tileinkað sýrlenskum flóttakonum og -stúlkum. UN Women hefur undanfarin þrjú ár starfrækt griðastaði fyrir konur og börn í fernum flóttamannabúðum í Jórdaníu þ.a.m. í Za'atari-búðunum. Komið hefur verið upp hárgreiðslustofu, tölvustofu þar sem konurnar sækja tölvunámskeið og saumastofu þar sem saumuð eru m.a. ungbarnaföt fyrir sjúkrahús

búðanna og barnaheimili. Þjónusta athvarfsins nýttist um 1.500 manns á hverjum mánuði. Að þessu sinni lögðu kraftajötnarnir Hafþór Júlíus Björnsson, the Mountain, í þáttunum Game of Thrones og Katrín Tanja Davíðsdóttir, heimsmeistari í Crossfit, áttakinu lið með ákalli til kaffiunnenda um að veita konum kraft með þátttöku. Landsmenn tóku áttakinu fagnandi.

### Söfnunarbaukar

Söfnunarbaukar UN Women hafa síðastliðin ár verið áberandi í búðum og á kaffihúsum víða um höfuðborgar-

## Fjöldi mánaðarlegra styrktaraðila





svæðið og var engin undantekning á þetta árið. Gestir og gangandi tóku sem fyrr vel í að setja afgangsmýnt sína eða seðla í baukana. Gjafmildir heimamenn og ferðamenn gáfu yfir 600 þúsund krónur í baukana þetta árið og er landsnefnd þakklát þeim öllum.

### Reykjavíkumaraþon

Um 30 hlauparar hlupu til styrktar landsnefnd UN Women í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í lok ágúst. Ástriða hlauparanna fyrir málefnið og sannfæringarkraftur þeirra færði samtökunum á sjötta hundrað þúsund krónur sem runnu til verkefna UN Women. Er það hæsta upphæð sem safnað hefur verið fyrir samtökin við

þetta tækifæri. Landsnefnd UN Women tók bæði vel á móti UN Women-hlaupurunum á skráningarhátíð mараþonsins í Laugardalshöll dagana fyrir hlaupið sem og á hvatningarstöð samtakanna við JL-húsið meðan á hlaupinu stóð. UN Women færir hlaupurunum allra bestu þakkir fyrir að hlaupa í nafni samtakanna og ekki síður öllum þeim sem studdu við bak þeirra með fjárframlögum sínum.

### Lýstu upp myrkrið

Gjafabréf UN Women hafa í gegnum tíðina verið vinsælar tækifærisgjafir. Færst hefur í vöxt að fólk gefi fjölskyldu og vinum gjafabréf UN Women af tilefni afmæla, útskrifta og stærri viðburða fremur en hefðbundnar gjafir og var engin breyting þar á á árinu. Verð gjafabréfanna er frá 2.000 upp í 15.000 krónur.

Jólagjöf samtakanna í ár var ljósastaur í Nýju Delí. Konur í Nýju Delí búa við grimman veruleika en ofbeldi gegn konum í opnum rýmum er gífurlegt og konur eru ekki öruggar á götum borgarinnar. UN Women hefur unnið að því að bæta öryggi kvenna í borginni með því að koma upp ljósastaurum, m.a. við strætóbiðskýli og á almenningsalernum. Götulýsing dregur ekki aðeins úr ofbeldi gegn konum heldur eykur atvinnuþátttöku þeirra og gerir þeim kleift að ferðast á öruggan máta til og frá vinnu. Því getur einn ljósastaur haft gríðarleg margfeldisáhrif; öryggi kvenna eykst, hagur fjölskyldna vaxar og samfélagsins alls. Svo virðist sem þessi táknræna gjöf hafi slegið í gegn hjá landsmönnum og seldust ljósastaurar fyrir tæpar 400 þúsund krónur. Andvirði gjafabréfanna rann í verkefni UN Women sem miða að því að gera borgir í fátækustu löndum heims öruggari.





# Vitundarvakning

## #HeForShe árið 2015

Árið 2015 lagði landsnefnd UN Women á Íslandi ríka áherslu á hina alþjóðlega hreyfingu UN Women, HeForShe. Hreyfingin miðar að því að hvetja karlmenn og stráka sérstaklega til að beita sér fyrir kynjafnrétti og láta til sín taka í nærumhverfi sínu. Stóðu samtökin fyrir tveimur ólíkum HeForShe herferðum á árinu auk þess sem haldinn var viðburður í Hörpu tileinkaður átakinu í tilefni af komu Phumzile Mlambo Ngcuka, framkvæmdastýru UN Women til landsins. Er þetta í fyrsta skipti sem samtökin standa fyrir vitundarvakningu sem miðar sérstaklega að því að vekja karlmenn til vitundar um mikilvægi kynjafnréttis.

## HeForShe – ólíkir en sammála um kynjafnrétti

Átakið stóð yfir dagana 11. – 26. maí. Átakið miðaði að því að ná til þeirra 8.500 karlmannna og stráka hér á landi sem höfðu skráð sig sem HeForShe þegar UN Women blés til átaksins haustið 2014. Þá hélt Emma Watson, velgjörðarsendiherra UN Women, eftirminnilega ræðu um mikilvægi femínisma og þátttöku karlmannna í baráttunni fyrir kynjafnrétti í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið gekk myndband af ræðu Watson eins og eldur um sinu á netinu og rigndi inn skráningum. Því var komið að næsta skrefi, að hvetja karlmenn sérstaklega til að ganga skrefinu lengra í baráttunni fyrir kynjafnrétti, heimsækja vefsíðuna [www.heforshe.is](http://www.heforshe.is) og gerast mánaðarlegir styrktaraðilar



UN Women á Íslandi. Herferðin fór að mestu leyti fram á netinu í formi örmyndbanda sem sýnd voru á þessu tveggja vikna tímabili ásamt auglýsingum á samfélagsmiðlum og á helstu fréttamiðlum landsins í formi vefborða. Samtökin hlutu styrk frá Landsbankanum fyrir herferðinni. Örmyndböndin voru sex talsins en þar var þekktum einstaklingum úr ólíkum áttum teflt saman í forvitnilegum kringumstæðum. Myndböndin vöktu mikla athygli á vefmiðlunum og var góð dreifing á þeim á netinu. Yfir 10 þúsund manns heimsóttu heimasíðuna [heforshe.is](http://heforshe.is) á þriggja vikna tímabili og örmyndböndin fengu 26 þúsund áhorf á Youtube á aðeins örfáum dögum. Dögg Mósesdóttir, kvikmyndagerðarkona vann myndböndin fyrir samtökin. Heima-

síðan [www.heforshe.is](http://www.heforshe.is) var sérstaklega opnuð fyrir átakið. Síðan var unnin af vefsíðufyrirtækinu Hype að kostnaðarlausu og svo var útlit og grafík herferðarinnar unnin af Tobbu Ólafsdóttur hjá Farva. Umfjöllun um herferðina var skemmtileg og lifandi. Allir helstu vefmiðlar landsins birtu vefborða samtakanna þeim að kostnaðarlausu meðan á átakinu stóð. Vefmiðlarnir voru sérstaklega hrifnir af myndböndunum og fjölluðu Vísir, mbl.is og Nútíminn mikið um myndböndin. Auk þess var áberandi umfjöllun í útvarpi og sjónvarpi ásamt aðsendum greinum. Fyrirtækjakyningarnar um starf UN Women voru haldnar á meðan átakinu stóð í Landsbankanum, N1, Seðlabankanum, Orkuveitunni, VÍS og Landsvirkjun. Kyningarnar voru í höndum karlmannna í stjórn



UN Women. Tókust kynningarnar vel og voru örmyndböndin sýnd við lok hverrar kynningar.

### Árs afmæli HeForShe

Dagana 21. september – 5. október efndi UN Women á Íslandi til HeForShe – átaks í tilefni af árs afmæli hreyfingarinnar. Af þessu tilefni skoraði landsnefndin á alla karlmenn og stráka að stíga skrefið og gerast HeForShe á [www.heforshe.is](http://www.heforshe.is). Afmælisátakið fór að mestu fram á samfélagsmiðlum líkt og fyrra HeForShe átakið. Einnig færðu samtökin út kvíarnar á samfélagsmiðlunum og bættist Snapchat í hópinn auk þess sem brugðið var á það ráð að nota smáforritið Dubsplash til að krydda átakið. Hinir ýmsu velunnarar og femín-

istar birtu myndbönd af sér á samfélagsmiðlum „mæma“ þrumuræðu Emmu Watson um mikilvægi femínista og þátttöku allra í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Myndböndin vöktu ótvíræða athygli fólks og netfjölmiðla. Aftur birtu allir helstu vefmiðlar landsins vefborða samtakanna þeim að kostnaðarlausu meðan á áttakinu stóð. Skráningum á vefnum [www.heforshe.is](http://www.heforshe.is) fjölgaði umtalsvert eða um 2.500 á tveimur vikum.

### HeForShe viðburður í Hörpu

Phumzile Mlambo Ngcuka, framkvæmdastýra UN Women, heimsótti Ísland í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna í októbermánuði. Af því tilefni efndu utanríkisráðuneytið og

UN Women á Íslandi til opins spjallfundar í Björtuloftum í Hörpu. Ólafur Stephensen, stjórnarmeðlimur landsnefndar UN Women, stýrði fundinum, Friðrik Dór Jónsson tónlistarmaður og Stefán Gunnar Sigurðsson nemi sögðu frá sinni sýn á jafnrétti kynjanna, útskýrðu hvers vegna þeir eru HeForShe og hvernig þeir láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Auk þeirra sátu Madame Phumzile og Elizabeth Nyamayaro, skapari HeForShe-herferðarinnar, fyrir svörum og sköpuðust áhugaverðar umræður um kynjajafnrétti og þátttöku karla og stráka í baráttunni. Madame Phumzile sagði einu gilda með hvaða hætti gripið væri til aðgerða. „Hvort sem það er að berjast gegn kynbundnu ofbeldi, eða að tala opinskátt um hvernig hægt er að stöðva það. Eða að styðja jöfn laun fyrir sambærileg störf og láta að sér kveða á eigin vinnustað og sætta sig ekki við að kvenkyns jafningi þinn fái lægri laun.“ Hún sagði einnig HeForShe-karlmenn geta tekið afstöðu gegn kynlífsiðnaðinum og misbeitingu á konum í vændi með því að vera aldrei kaupendur að slíku. „Við viljum ekki að konur hafi það betra innan feðraveldisins, við viljum feðraveldið burt. Þeir sem njóta forréttinda feðraveldisins verða að hafna því. Stundum eru forréttindin ekki augljós fyrir þeim sem hafa þau,“ sagði Madame Phumzile við lok fundar og hvatti karlmenn til að skrá sig sem HeForShe. Um 250 manns sóttu fundinn og var ungt fólk áberandi.

### Milljarður rís

Rúmlega 2.500 konur, karlmenn og börn risu upp gegn kynbundnu ofbeldi þann 13. febrúar og tóku þátt í femínískri flóðbylgju um land allt í tilefni af alþjóðlegu byltingunni Milljarður rís. Um heim allan eða í rúmlega 200

## Forsætisráðherra einn af áhrifaleiðtogum HeForShe

Tilkynnt var á árinu að forsætisráðherra Íslands væri á meðal tíu þjóðarleiðtoga heims sem leiða verkefni HeForShe, IMPACT 10x10x10. Verkefnið var fyrst kynnt í janúar á World Economic Forum í Davos. Leiðir það saman leiðtoga tíu þjóða, fyrirtækja og menntastofnana um allan heim. Þjóðarleiðtogarnir skuldbundu sig allir til að ná kynjajafnrétti, bæði innanlands og á heimsvísu. Skuldbindingar Íslands snúa meðal annars að því að útrýma launamun á Íslandi fyrir 2022, jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum fyrir 2020 og fá fleiri karla til liðs við baráttuna fyrir kynjajafnrétti, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Þess má einnig geta að utanríkisráðherra Íslands veitti svokölluðum HeForShe verðlaunum UN Women viðtöku sem veitt voru þeirri þjóð sem staðið sig hefur best í að fá

karla og drengi til liðs við baráttuna fyrir kynjajafnrétti.



## HeForShe um víðan völl

- Í mars gerðust allir karlkyns starfsmenn Evrópusambandsins HeForShe.
- HeForShe-átaki var ýtt úr vör í Írak á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Forsætisráðherrann Dr Haider Al-Abadi, skráði sig sem HeForShe og hét því að beita sér fyrir kynjajafnrétti.
- Jens Stoltenberg, aðalritari NATO, skráði sig sem HeForShe og bættist þar með í stóran hóp leiðtoga ýmissa alþjóðastofnana. Stoltenberg lét eftirfarandi orð falla: „Eina leiðin til að koma á langvarandi friði og öryggi í heiminum er að fá konur og karla til að stuðla að því í sameiningu.“
- Enrique Peña Nieto, forseti Mexíkó, skráði sig sem HeForShe á alþjóðlegum baráttudegi kvenna og hét því að árið 2015 yrði ár kvenna í Mexíkó. Sama dag gerðist forseti hæstaréttar landsins, Luis María Aguilar Morales, HeForShe og hleypti af stokkunum áttakinu „Week of Access to Justice for Women“ og hét því að fjölga konum í æðstu stöðum innan mexíkóska réttarkerfisins.
- Ríkislögreglan í Rúanda skuldbatt sig til að beita sér fyrir kynjajafnrétti og gerðist HeForShe. Markmið ríkisins er að verða þekkingarsamfélag og skapa millitekju hagkerfi fyrir árið 2020.
- Forsætisráðherra Suður-Kóreu, Kyohn Hwang, gerðist HeForShe í júlí. Hann er einnig stofnandi og formaður fyrstu kynjajafnréttisnefndar suður-kóreska ríkisins.
- Jorge Carlos Fonseca, forseti Grænhöfðaeyja, kynnti til leiks HeForShe-körfuknattleikslandslið karla. Fonseca



HeForShe CycloWalk í Bangalore í Indlandi.

fékk HeForShe-landsliðið til liðs við þjóðina í baráttunni gegn ofbeldi og mismunun gegn konum og stúlkum. Hver og einn leikmaður skráði sig sem HeForShe.

- UN Women og spænska knattspyrnuliðið Valencia gerðu samning um að síðarnefndi aðillinn bæri merki þess fyrrnefnda framan á búningum sínum næstu fjögur árin. Valencia er fyrsta íþróttaliðið sem gerir samning af þessari tegund við UN Women.
- 700 nemendur í Bangalore á Indlandi þrömmuðu og hjóluðu um borgina í #HeforsheCycloWalk. Tíu þúsund karlmenn og strákar gerðust HeForShe í Bangalore á aðeins tíu dögum í september á árs afmæli HeForShe hreyfingarinnar.

löndum tóku manneskjur á öllum aldri þátt og dönsuðu gegn ofbeldi gegn konum og stúlkum. Silfurberg í Hörpu iðaði af dansandi fólki en um 1.500 manns lögðu leið sína í Hörpu og rúmlega 1.000 manns dönsuðu í Hofi Akureyri, Félagsheimilinu Herðubreið Seyðisfirði, Menntaskólanum á Ísafirði, íþróttahúsi Neskaupstaðar og Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Í Hörpu var boðið upp á dagskrá með óvæntum uppkomum. Saga Garðarsdóttir leikona var kynnir og leiddi fjöldann í

dansíókí, DJ Margeir náði upp þvílíkri stemningu af sinni alkunnu snilld auk þess sem Daníel Ágúst steig á stökk ásamt söngkonunni Ásdísí Maríu. Konfettí-bombur kórónuðu svo partyið í loklaginu og baráttudansarar gengu skælbrosandi inn í helgina. Landsnefndin skoraði á skóla, fyrirtæki og stofnanir að fjölmenna og var áskoruninni vel tekið. Nemendur á öllum skólastigum mættu dansandi og starfsfólk ýmissa fyrirtækja og stofnanna kom með rútum og fylkti liði á dansgólfið.

Hópur á vegum UN Women klæddur appelsínugulum bolum gekk um og bauð gestum að stíga skrefinu lengra í dansinum og gerast mánaðarlegir styrktaraðilar samtakanna auk þess sem Fokk ofbeldi-armböndin voru seld á staðnum. Viðstaddir dansarar sem og aðrir létu einnig til sín taka á samfélagsmiðlum undir kassamerkinu #milljardurris2014 og hrönnuðust upp myndir og myndbönd af stemningunni á viðburðinum. Sónar Reykjavík var þriðja árið í röð stoltur samstarfsaðili og kann



landsnefndin aðstandendum tónlistarhátíðarinnar sínar bestu þakkir fyrir. Starfsfólk Hörpu var að venju frábært í samstarfi að öllu leyti og bauð gestum viðburðarins að leggja frítt á meðan dansinn dunaði. Samtakamátturinn var allsráðandi og sýndu landsmenn með dansinum að þeim stendur ekki á sama um systur sínar um allan heim.

### Ljósaganga

Ljósaganga UN Women fór fram að kvöldi 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn



markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi ásamt öðrum félagasamtökum hér á landi eru í forsvari fyrir. Yfirskrift Ljósagöngunnar í ár var *Heyrum raddir allra kvenna*. Freyja Haraldsdóttir, talskona Tabú, hélt hugvekju og leiddi gönguna sem endaði við Bríetartorg við Þingholtsstræti þar sem Háskóla-kórinn söng og viðstaddir yljuðu sér við kakóbolla. Freyja sagði í ræðu sinni að talið væri að um 85% fatlaðra kvenna upplifðu ofbeldi á lífsleiðinni. „Ef við erum einnig jaðarsettar á grundvelli annarra þátta aukast líkurnar enn frekar, t.d. ef við erum hinsegin og af erlendum uppruna. Fötlunarfyrlitning er ekki einungis orsök ofbeldis heldur einnig afleiðing þess. Margar konur fatlast varanlega sökum ofbeldis og er þar með ýtt enn frekar út á jaðarinn,“ sagði hún í áhrifamikilli ræðu sinni í grenjandi rigningu og roki á Arnarhóli. Einnig sagði Freyja að forsenda þess að geta skilgreint okkur sjálf sé jafnframt að vera meðvituð um forréttindi okkar - sem við ferðumst með í ósýnilegum bakpoka allt lífið. „Ef ég lýsi ofan í minn bakpoka má finna ýmis forréttindi. Ég er hvít og gagnkynhneigð. Ég bý í landi þar sem ekki eru stríðsátök. Ég hef haft

tækifæri til þess að mennta mig. Ég hef meiri aðgang að valdi en margar konur sem varaþingkona. Ég er ein fárra fatlaðra kvenna með notendastýrða persónulega aðstoð og get því verið hér í kvöld að taka þátt í rjúfa þögn kvenna og leiða ljósagöngu UN Women gegn kynbundnu ofbeldi.“ Ljósagönguna leiddi Freyja ásamt þremur kyndilberum, þeim Uglu Stefaníu Kristjónsdóttur (varaformanni Trans Ísland) og tveimur yngstu Tabúkonunum, Ivu Marin Adrichem og Rán Birgisdóttur. Þess má geta að Harpa blasti við lýst upp í appelsínugulum lit líkt og aðrar merkar byggingar víða um heim þennan dag en appelsínuguli liturinn er táknrænn fyrir von og bjarta framtíð kvenna og stúlkna án ofbeldis.

### UN Women á Íslandi og samfélagsmiðlar

Íslenska landsnefndin treystir á mátt samfélagsmiðla til að ná til almennings og jafnframt ólíkra hópa í samfélaginu. Öflug og gagnvirk samskipti við fylgjendur og vini samtakanna á samfélagsmiðlum er hagkvæm leið til að koma boðskap UN Women á framfæri. Í ljósi þess að meirihluti þjóðarinnar nýtir þá á hverjum einasta degi er það því stefna samtakanna að hanna allt efni með samfélagsmiðla í huga. UN Women á Íslandi er nú á Facebook, Twitter, Instagram og voru fyrstu samtökin hér á landi til þess að nota Snapchat til að vekja athygli á málefnum. Þá hafa samtökin fengið skemmtilegt fólk úr samfélaginu til að taka yfir Twitter-reikning samtakanna sem og Snapchat reikning þeirra meðan á herferðum stendur.

# Kynningarstarf og fræðsla

Starfskonur landsnefndar UN Women á Íslandi ásamt ungmennaráði UN Women stóðu fyrir kröftugu fræðslu- og kynningarstarfi á árinu á ólíkum vettvangi. Starf landsnefndarinnar og UN Women var kynnt fyrir GEST-nemendum Alþjóðlega jafnréttisskóla Íslands, Vítamínhópi Hins hússins fyrir ungt fólk í atvinnuleit, nemendum við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, á Jafnréttisdögum í Háskólanum í Reykjavík og nemendum í Listaháskóla Íslands. Tvær kynningar voru haldnar fyrir Rótarýklúbba Mosfellsbæjar annars vegar og Seltjarnarness hins vegar og Soroptimistafélag Íslands.

## Ungmennaráðið

Ungmennaráð UN Women hefur það að markmiði að styðja við starf landsnefndarinnar, afla fjár til verkefna, kynna og auka áhuga landsmanna á starfsemi samtakanna og stuðla að vitundarvakningu á meðal jafnaldrá á Íslandi um mikilvægi jafnréttis kynjanna og þróunarsamvinnu. Stjórn ráðsins er skipuð formanni og átta stjórnarmönnum. Auk þess er öllum á aldrinum 16-30 ára, sem hafa áhuga á starfsemi UN Women, heimilt að vera meðlimir. Ungmennaráðið



stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Stærsti viðburður ársins var Zumba-veisla sem haldin var á Klambatúni með það að markmiði að ögra ofbeldi og ófriði. Sjö Zumba-kennarar gáfu vinnu sína og sáu til þess að viðstaddir skemmtu sér í þær 90 mínútur sem var dansað. Þátttökugjaldið var 1.000 krónur og söfnuðust 68 þúsund krónur til verkefna UN Women. Viðburðurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum og mættu tæplega sjötíu manns með hamingjuna að vopni. Haldnir voru tveir flóamarkaðir á árinu, annars vegar á KEX hostel í lok janúar og hins vegar á Loft Hostel í júní og rann allur ágóði básaleigu í bæði skiptin til samtakanna. Ungmennaráðið stóð fyrir tveimur pubquiz-um, annars vegar fyrri part árs á Loft hostel og hins vegar á haustdögum í tilefni af Jafnréttisdögum Háskóla Íslands þar sem þátttakendur voru spurðir spjörnum úr um kvenhetjur. Að öðru leyti sinnti Ungmennaráðið ýmsum verkefnum í samstarfi við skrifstofu landsnefndarinnar, t.a.m.

að selja Fokk ofbeldi-armbönd í framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins í tengslum við samnefnda herferð í febrúar. Ungmennaráðið annaðist söfnun mánaðarlegra styrktaraðila á fyrirtækjakynningum í HeForShe-átaki samtakanna, *Ólíkir en sammála um kynjajafnrétti*. Eins tóku meðlimir þess að sér viðburðarstjórnun í Ljósagöngu UN Women á Íslandi sem haldin var í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í nóvembermánuði. Haldnir voru átta opnir fundir þar sem öllum áhugasömum bauðst að mæta og taka þátt í hugmyndaflæði ráðsins auk þess sem stjórnarmeðlimir ráðsins héldu 21 kynningu í grunn- og framhaldsskólum landsins.

## #okkarheimur2030 í Salaskóla

Landsnefndin tók þátt í samstarfsverkefni utanríkisráðuneytis, Félags Sameinuðu þjóðanna og UNICEF á Íslandi sem fólst í að halda viðburð í Salaskóla þann 30. apríl. Markmið viðburðarins var að vekja athygli á mótun nýrra heimsmarkmiða SP sem samþykkt voru svo hálfu ári síðar á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í stefnumótunarkerli nýju heimsmarkmiðanna höfðu Sameinuðu þjóðirnar sérstaklega gætt að því að hugmyndir og óskir ungs fólks um framtíðina fengju að njóta sín en talið er að markmiðunum verði ekki náð árið 2030 nema með þátttöku ungs fólks við mótun þeirra. Nemendur skólans sem fæddir eru árið 2000, sama ár og Þúsaldarmarkmið SP voru samþykkt, höfðu kynnt sér nýju heimsmarkmiðin í gegnum markvissa nokkurra vikna kennslu og fengið frjálsar hendur við að móta sýn sína á markmiðin og kynningar sem þeir fluttu á viðburðinum. Að kynningum loknum var haldinn Skypefundur með fulltrúum fastanefndar Íslands í New York, sem tekið höfðu





þátt í samningaviðræðum SP um nýju heimsmarkmiðin fyrir hönd Íslands. Tilgangur þess var að gefa starfsfólki og nemendum skólans innsýn í þau verkefni sem framundan voru fram að Allsherjarþingi. Friðrik Dór Jónsson tónlistarmaður var fundarstjóri og Gunnar Bragi Sveinsson þáverandi utanríkisráðherra ávarpaði samkomuna.

### Menntun kvenna í Afganistan

Þann 10. desember stóðu UN Women á Íslandi og UNICEF á Íslandi fyrir málþingi á Hótel Sögu um menntun og valdeflingu kvenna og stúlkna í Afganistan. Málþingið var haldið í samstarfi við forsætis-, utanríkis- og velferðaráðuneytið á alþjóðlegum mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna. Dagurinn markaði einnig lok 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi og rætt var um hindranir sem afganskar stúlkur standa frammi fyrir á vegi sínum til menntunar. Lilja Hjartardóttir stjórn-málafræðingur, sem jafnframt stýrði

fundinum, gaf sögulegt yfirlit um bakgrunn átakanna í landinu og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, flutti ávarp við upphaf málþingsins. Því næst tók Razia Stanikzai, sérfræðingur og yfirmaður í afganska menntamálaráðuneytinu, til máls og talaði við fundargesti beint frá Kabúl í gegnum Skype. Hún hefur áralanga reynslu af menntamálum í Afganistan og gaf nærstöddum innsýn í stöðu kvenna og ræddi hvaða þættir hindruðu helst aðgengi stúlkna að menntun í landinu. Þar er öryggi stór þáttur. Því næst tók Fatima Hos-saini, sérfræðingur í réttindum stúlkna með áherslu á þvinguð hjónabönd, til máls og benti á að Afganistan væri einn verst staður í heimi til að vera kona. Málþingið var haldið í tengslum við níu milljóna króna styrk utanríkis-, velferðar- og forsætisráðuneytanna til UNICEF í Afganistan fyrir menntun stúlkna. Framlagið er hluti af verkefni ráðuneytanna þriggja sem hlaut styrk

úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála á síðastliðnu ári. Markmiðið er annars vegar að styðja við menntun og valdeflingu stúlkna og kvenna í Afganistan og hins vegar að kynna stöðu stúlkna í landinu og mikilvægi menntunar fyrir valdeflingu þeirra. Landsnefndin vakti athygli á málefninu jafnt og þétt yfir árið á samfélagsmiðlum samtakanna.

### Orkuveita Reykjavíkur hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála 2015

Landsnefnd UN Women á Íslandi, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu að Hvatningarverðlaunum jafnréttismála sem afhent voru þann 28. maí á morgunfundinum „Eru til karla- og kvenna-störf?“ á Nauthóli. Markmiðið með Hvatningarverðlaunum jafnréttismála er að vekja athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til þess að gera slíkt hið sama. Aukið jafnrétti á atvinnumarkaði er ekki einungis laga-lega og siðferðislega rétt heldur er það fyrirtækjum til heilla bæði út frá samfélagsábyrgð og viðskiptalegum for-



Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur við afhendingu Hvatningarverðlauna jafnréttismála árið 2015.



sendum. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti Orkuveitu Reykjavíkur hvatningarverðlaun árið 2015.

Í álit dómnefndar segir að fyrirtækið hafi stigið veigamikil skref og sé í markvissri vinnu við að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum fyrirtækisins. Fyrirtækið vilji jafnframt vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í jafnréttismálum og leggja sitt af mörkum til að breyta viðhorfum til staðalímynda kynjanna enda sé trú þess að kynbundið náms- og starfsval sé félagsmótun en ekki náttúrulögmál. Því hafi verið lögð rík áhersla á að skapa umhverfi sem er aðlaðandi fyrir bæði karla og konur að starfa í hjá fyrirtækinu. Til að styrkja eigin innviði sem og samfélagið í heild, hafi fyrirtækið stuðlað að framgöngu fjölda verkefna í samstarfi við menntastofnanir, til að fylgja eftir því markmiði að efla hlut kvenna í karllægum geira. Þannig hafi náðst að bæta kynjahlutföll á öllum sviðum fyrirtækisins. Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur veitti verðlauninum viðtöku og

hvatti öll fyrirtæki til að fylgja jafnréttisáætlunum í orði jafnt og í borði: „Við ákváðum að eyða kynbundnum launamun innan Orkuveitunnar. Það er ákvörðun að eyða launamun. Það er ekki nóg að aðhyllast jafnrétti, heldur þarf að fremja það,“ sagði Bjarni og bætti við: „Ég fullyrði að blandaðir vinnustaðir eru betri, skemmtilegri og betur reknir. Ákvarðanir eru ekki teknar fyrirfram og tilkynntar á fundum heldur teknar við fundarborðið. Ef horft er til eineltis og kynbundins áreitis, þá hverfur það ósjálfrátt. Fundarborð með jafnt kynjahlutfall virkar því eins og sjálfhreinsibúnaður,“ sagði Bjarni.

Þess má geta að í dómnefnd sátu Inga Jóna Þórðardóttir, formaður, fyrir hönd atvinnuvegaráðuneytisins, Soffía Sigurgeirsdóttir, fyrir hönd landsnefndar UN Women á Íslandi, Bergþóra Halldórsdóttir, fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins og Randver C. Fleckenstein, fyrir hönd Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Morgunfundurinn var vel sóttur og lifleg umræða um jafnréttismál átti sér stað að erindum loknum.

### **Morgunfundur með Samtökum atvinnulífsins og Festu**

UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu fyrir morgunfundi um Jafnréttissáttmála UN Women og Global Compact í húsakynnum Samtaka atvinnulífsins um miðjan nóvember. Fundurinn var ætlaður sem vettvangur fyrir fyrirtæki og stofnanir til að læra af öðrum og deila reynslu sinni af því að stuðla að kynjajafnrétti á sínum vinnustað. Á fundinum héldu Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, ásamt Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur, forstjóra VÍS, erindi um hvaða leiðir hafa verið farnar við innleiðingu Jafnréttissátt-

málans og hvernig stuðlað sé markvisst að jafnrétti innan þeirra fyrirtækja. Steinþór nefndi að jafnrétti snerist um menningu, hugarfar og að koma sér úr viðjum vanans. Í ræðu hans kom fram að tekin hefði verið ákvörðun í Landsbankanum um að jafna kynjahlutföll og sagði hann það eingöngu vera spurningu um að taka ákvörðunina og framkvæma hana. Sigrún Ragna fjallaði um mikilvægi þess að kynna vel og fræða alla stjórnendur reglulega um Jafnréttissáttmálann, hún taldi það vera lykilaatriði við innleiðingu sáttmálans því hjá stjórnendunum væru ákvarðanirnar teknar. Hún ræddi einnig nauðsyn þess að skoða hvaða þættir í samfélaginu móta okkur og nefndi því til dæmis að byrja nógu snemma að ræða við ungar konur og stúlkur og selja þeim þá hugmynd að ákveðin tækifæri geti falist í því að sækja í ákveðna menntun sem karlar hafa frekar sótt í hingað til. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, opnaði fundinn, Soffía Sigurgeirsdóttir, stjórnarkona hjá UN Women á Íslandi, kynnti Jafnréttissáttmálann og að endingu fjallaði Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, um lögbundið hlutverk fyrirtækja á sviði jafnréttismála og stuðning stofunnar við þá vinnu. Kröftugar umræður sköpuðust í lok fundar meðal annars um þá staðreynd að færri og færri karlar tækju fæðingarorlof, um ábyrgð einkageirans og hins opinbera varðandi vandamálið.

### **Landsnefndin sótti fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna**

Starfandi framkvæmdastýra landsnefndar UN Women á Íslandi lagði leið sína til New York og sótti 59. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í marsmánuði. Þema fundarins var Pek-

ing-sáttmálinn sem fagnaði tuttugu ára afmæli á árinu. Þrátt fyrir allar þær framfarir sem átt hafa sér stað í jafnréttisbaráttunni síðastliðin tuttugu ár var sjónum beint að því að engu ríki hafi tekist að koma á fullkomnu kynjajafnrétti og víða séu konur og stúlkur enn að berjast fyrir grundvallarmannréttindum sínum. Um þessar mundir gegna þrettán konur embætti þjóðhöfðingja og tólf embætti forsætisráðherra í heiminum og hafa aldrei fleiri konur gegnt þessum embættum. Konur sitja aðeins í 21% þingsæta í heiminum, um 700 milljónir núlifandi kvenna hafa verið giftar fyrir 18 aldur, þriðjungur þeirra fyrir 15 ára aldur og 70% þeirra sem búa við sárafátækt í heiminum eru konur. Á fundinum var unnið að því að kortleggja hvar gera meg betur. Mikið var rætt um ofbeldi á netinu og mikilvægi þess að stjórnvöld bregðist við þessari birtingarmynd ofbeldis og ábyrgð stjórnenda samfélagsmiðla hvað slíkt ofbeldi varðar. Framkvæmdastýra landsnefndarinnar átti einnig lærdómsríka og afkastamikla fundi með UN Women og öðrum landsnefndum.

### 20 ára afmæli Peking-sáttmálans

Í tilefni af 20 ára afmæli sáttmálans stóð UN Women fyrir árslangri herferð sem miðar að því að kynna sátt-



Friðargæsluliðar SP.

málann fyrir almenningi, sýna hvaða árangur hefur náðst á þessum 20 árum en einnig að skoða hvar við þurfum að bæta okkur og beita aðildarríki þrýstingi til að leggja enn frekari áherslu á að ná jafnrétti kynjanna og fylgja því eftir með fjárhagslegum stuðningi. UN Women opnaði sérstaka heimasíðu fyrir átakið, [www.beijing20.unwomen.org](http://www.beijing20.unwomen.org) þar sem veittar eru nánari upplýsingar um sáttmálann en í hverjum mánuði ársins var einblínt á einn flokk og eitt málefni. Íslenska landsnefndin tók að sjálfsögðu virkan þátt í áttakinu, var sýnileg á samfélagsmiðlum og birti fréttir og sögur í tengslum við Peking-sáttmálann á miðlum samtakanna. Áður en Peking-sáttmálinn var samþykktur höfðu kvannahreyfingar og þjóðarleiðtogar hvaðanæva úr heiminum unnið saman að einu markmiði; að kortleggja hvernig mætti auka kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna um heim allan. Í tvær vikur stóðu yfir krefjandi og ákafar umræður 189 aðildarríkja. Á milli funda funduðu fastafulltrúar með grasrótarsamtökum og þrýstihópum. Óhætt er að segja að andrúmsloftið hafi verið kynngimagnað og rafmagnað. Í lok fundarins var brotið blað í sögu kvenréttindabaráttunnar þegar Peking-sáttmálinn var settur fram. Útkoman var framsækni áætlun í 12 flokkum sem miðaði að því að bæta hag og réttindi kvenna og stúlkna. Tuttugu árum síðar er sáttmálinn ennþá ein helsta grundvallarstöð réttindabaráttu kvenna.

### Fræðsla um ályktun Öryggisráðs SP nr. 1325 og konur, frið og öryggi

Líkt og samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi segir til um annast samtökin fræðslu friðargæsluliða og annarra sérfræðinga sem sendir eru út

fyrir landsteinana á vegum íslenska ríkisins. Fræðslan lýtur að jafnréttismálum með sérstakri áherslu á ályktun Öryggisráðs SP nr. 1325, sem varðar konur, frið og öryggi. Stjórnarkona landsnefndarinnar, Kristjana Sigurbjörnsdóttir, sem annaðist fræðsluna á árinu, hélt meðal annars námskeiðið ICRU Induction course sem var skipulagt af OCHA (*United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs*) SBT (*Stand-by team*) Training Secretariat fyrir íslensku friðargæsluna. Þess ber að geta að í október voru fimmtán ár liðin frá því að Öryggisráð SP samþykkti ályktun nr. 1325. Af því tilefni fór fram opin umræða í ráðinu um efni ályktunarinnar auk þess sem samþykkt var ný ályktun nr. 2242 sem hnykkir enn frekar á efni ályktunar nr. 1325 og þrýst er á framkvæmdastjóra SP að fjölga á næstu árum um helming þeim konum sem starfa í friðargæslusveitum SP.

### 100 ára kosningaafmæli kvenna

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi í var haldin alþjóðleg ráðstefna í Hörpu og var dagskráin ekki af verri endanum. Fram komu meðal annarra; Phumzile Mlambo NcGuka, Catharine Mackinnon og Gro Harlem Brundtland. Framkvæmdastýra landsnefndar UN Women á Íslandi tók þátt í formlegum umræðum í kjölfar fyrirlestrar lögfræðingsins Ann Olivarius; „Í hennar þágu, kynjagleraugun, fjárfestingar og framlög til góðgerðamála“ ásamt Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, sérfræðingi í kynjaðri fjárlagagerð.



# Nýr samningur við utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarf ráðuneytisins og landsnefndarinnar gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að efla þróunarsamvinnu og styðja við jafnrétti kynjanna. Þessi góðu samskipti og samráð hafa verið gagnleg fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks landsnefndarinnar, utanríkisráðuneytisins, fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og UN Women í New York.

Samkvæmt samstarfssamningi milli landsnefndar og ráðuneytisins veitir ráðuneytið samtökunum mikilvægt fjárframlag sem gerir samtökunum kleift að stuðla að vitundarvakningu og sinna fræðslu- og upplýsingastarfi um störf UN Women, kynjajafnrétti og málefni kvenna um allan heim. Auk þess veitir landsnefndin almenna ráðgjöf og umsögn vegna málefna á alþjóðavettvangi og sinnir fræðslu um jafnréttismál, með áherslu á ályktun öryggisráð Sameinuðu þjóðanna númer 1325. Þess má einnig geta að UN Women er ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarsamvinnu á Íslandi og eru jafnréttismál þverlæg í öllum verkefnum Íslands.

Á árinu 2015 námu samanlögð framlög utanríkisráðuneytisins til verkefna UN Women 176,4 milljónum. Þess ber að geta að framlagið hækkaði um 17% á milli ára. Veitt voru kjarnaframlög til UN Women sem námu 99,2 milljónum króna. Slíkt framlag er mikilvægt fyrir stofnun á borð við UN Women sem er að vaxa og styrkjast í sessi og tryggir stofnuninni svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á svæðum þar sem þörfin er brýn og bregðast þarf skjótt við. Einnig voru veitt framlög til ákveðinna verkefna UN Women. Veittar voru 20 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Sílandi; verkefni sem starf-

rækt er í fernum flóttamannabúðum í Jórdaníu. Líkt og áður var 12 milljóna króna framlag veitt til styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum sem styrkir verkefni um allan heim sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum (sjá bls. 6). Auk þess voru veitt framlög sem námu 24 milljónum til verkefna UN Women í Afganistan og Palestínu. Þar að auki var 21,2 milljóna króna framlag

veitt til stöðu útsends sérfræðings UN Women í Úkraínu.

Áframhaldandi samstarf ráðuneytisins við landsnefndina var tryggt þann 23. október þegar utanríkisráðherra skrifaði undir þriggja ára samstarfssamning við landsnefnd UN Women fyrir tímabilið 2016–2018. Um er að ræða fjórða samninginn sem undirritaður er til þriggja ára í senn.

## Griðastaðir UN Women í flóttamannabúðum

Fatima er flóttakona og búsett í Za'atari flóttamannabúðunum í Jórdaníu, skammt frá landamærum Sírlands. Eiginmaður hennar slasaðist og getur því ekki unnið. Fyrir vikið tók hún að sér að sjá fyrir þeim hjónum og börnum þeirra þremur. Fyrir einskæra tilviljun var henni sagt frá saumastofu UN Women og þangað hefur hún mætt daglega í nokkra mánuði. „Þetta er það besta sem hefur komið fyrir mig síðan við flúðum frá Sílandi,“ segir hún.

Hin 36 ára gamla Fatima er ein þeirra fjölmörgu kvenna sem sótt hafa svokallaða griðastaði fyrir konur og börn sem UN Women hefur starfrækt undanfarin þrjú ár í fernum flóttamannabúðum í Jórdaníu, þ.á.m. í Za'atari. Ljóst þykir að því lengur sem átökin í Sílandi standa yfir og dvöl flóttamanna lengist þeim mun meiri líkur eru á því að aðstæður kvenna og stúlkna versni. Sírlenskar flóttakonur eiga oft erfitt uppdráttar í flóttamannabúðum. Þær búa við skert atvinnutækifæri og margar hverjar fara ekki frjálsar ferða sinna nema með karlkyns fjöl-



Fatima fyrir utan saumastofu UN Women í Za'atari.

skyldumeðlim sér við hlið. Það erfiðar konum atvinnuþátttöku, að mennta sig og taka þátt í félagsstarfi. Komið hefur verið upp klæðskerastofu, hárgreiðslustofu og barnaheimili en á saumastofunni eru m.a. saumuð burðarrúm og ungbarnaföt fyrir sjúkrahús búðanna. Um 1500 manns nýta sér þjónustu athvarfsins í hverjum mánuði. Á griðastöðunum er flóttakonum veitt tækifæri til að afla sér þekkingar og starfsþjálfunar til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldum sínum í erfiðum kringumstæðum. Griðastaðir UN Women í flóttamannabúðum í Jórdaníu eru eitt þeirra verkefna sem hlaut fjárframlag á árinu.

# Markverðir sigrar á árinu

Landsnefnd UN Women á Íslandi styrkir ólík verkefni um allan heim sem stuðla að bættri löggjöf og stefnumótun hvað varðar réttindi og líf kvenna. Í þeim felst allt frá því að vinna með stjórnvöldum að bættri löggjöf og starfrækja saumastofur fyrir sýrlenskar konur í flóttamannabúðum í Jórdaníu til þess að bæta götulýsingu í Nýju Delí þar sem 95% kvenna hafa upplifað kynferðislega áreitni á götum úti. Breytingar til hins betra gerast gjarnan hægt og þeim ber að fagna. Hér eru nokkrir þeirra markverðu sigra sem unnust í baráttunni fyrir kynjafnrétti á árinu 2015.

## **Kvennamorð gerð refsiverð í Brasilíu**

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna undirritaði Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, ný lög sem kveða á um að gera kvennamorð refsiverð. Kvennamorð eru framin þegar konur eru drepnar fyrir það eitt að vera konur. Með lagasetningunni eru „kvennamorð“ endurskilgreind sem glæpur sem felur í sér heimilisofbeldi, mismunun eða lítilsvirðingu gagnvart konum og stúlkum og dregur þær til dauða. Lögin kveða á um þyngri dóma þ.e. 12-30 ára fangelsisvist auk þess sem dómarnir þyngjast ef brotþolar eru barnshafandi, undir 14 ára aldri, konur yfir sextugt eða konur og stúlkur með fatlanir. Þessi nýja löggjöf er gríðarlega mikilvæg og ómissandi þáttur í að draga úr ofbeldi gegn konum og stúlkum þar í landi. Nýju lögin eru ekki síður fordæmisgefandi fyrir stjórnvöld annarra ríkja að spýta í lófana og leggja lóð sín á vogarskálar í baráttunni fyrir kynjafnrétti í heiminum.

## **Kynbundinn launamunur afhjúpaður í Hollywood**

Leikkonur í Hollywood létu í sér heyra í febrúar vegna kynjamismunar og kyn-



Óskarsverðlaunahafinn Patricia Arquette hélt ræðu um kynbundinn launamun á samkomu sem haldin var í tilefni af 20 ára afmæli Peking-sáttmálans.

bundins launamunar. Hinn svokallaði SONY-leki við lok árs 2014 leiddi í ljós kynbundinn launamun í kvikmyndaiðnaðinum á meðal A-mynda leikara. Leikkonurnar Patricia Arquette, Charlize Theron og Jennifer Lawrence tóku því höndum saman og beindu sjónum að ójafnréttinu í fjölmiðlum; leikarinn Bradley Cooper hét því að leggja baráttunni lið og krefjast þess að mótleikkonur hans í framtíðinni myndu fá sömu laun og hann fyrir sömu vinnu. Í kjölfarið skoðaði the *Equal Employment Opportunity Commission* gaumgæfilega ráðningar í Hollywood út frá kynjasjónarmiðum auk þess sem leikkonurnar vöktu umheiminn til vitundar um þá kynjamismunun sem þrífst í Hollywood.

## **Þjóðverjar setja kynjakvóta á stjórnir fyrirtækja**

Þýskaland samþykkti löggjöf um að koma á kynjakvóta í stjórnnum skráðra

fyrirtækja þar í landi. Kynjakvótinn kveður á um að konur fylli 30% stjórnarsæta í yfir hundrað stærstu skráðum fyrirtækjum landsins.

## **Bann við limlestingum á kynfærum kvenna lögfest í Nígeríu**

Eitt af síðustu verkum fráfarandi forseta Nígeríu, Jonathan Goodluck, var að lögfesta bann við limlestingu á kynfærum kvenna. Í kringum 133 milljónir núlifandi kvenna hafa sætt limlestingu á kynfærum í 29 ríkjum í Afríku og Mið-Austurlöndum. Þess ber þó að geta að í dag eru þriðjungur minni líkur á að stúlkur séu limlestar á kynfærum heldur en fyrir 30 árum.

## **Engar fleiri barnabruðir í Gvatemala**

Eftir margra ára þrýsting samþykkti þing Gvatemala loks ný lög sem kveða á um hærri lágmarksgiftingaraldur, 18 ár fyrir bæði kyn. Áður mátti gifta

stúlkur 14 ára og stráka 16 ára gamla. Á árunum 2009-2013 voru yfir 80 þúsund stúlkur giftar undir 18 ára aldri, meirihluti þeirra giftist þrisvar sinnum eldri mönnum. Nýju lögini koma til með að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart stúlkum, ótímabærar þunganir, mansal og andlegt og líkamlegt ofbeldi. Nýju lögini gera einnig stúlkum kleift að ljúka skólagöngu, feta menntaveginum og njóta allra þeirra tækifæra sem lífið hefur upp á að bjóða.

### **Giftingaraldur hækkar í Malaví**

Ný lög sem kveða á um hækkun giftingaraldurs í Malaví voru einnig samþykkt á árinu og var giftingaraldur hækkar áður í 18 ár. UN Women ásamt öðrum stofnunum höfðu talað eindregið fyrir þessu nauðsynlega skrefi. Tíðni þvingaðra hjónabanda í Malaví er með þeim hætti í heiminum þar sem önnur hver stúlka hefur verið neydd í hjónaband fyrir 18 ára aldur.

### **Spor í rétta átt í Gambíu**

Forseti Gambíu, Yahya Jammeh, tilkynnti á árinu að banna ætti limlestingu á kynfærum kvenna þar í landi. Sjötíu og sex prósent kvenna í Gambíu hafa orðið fyrir barðinu á þessum skaðlega sið, þar af 56 prósent undir 14 ára aldri en þess má geta að undanfarið hafa slíkar limlestingar á barnungum stúlkum færst í vöxt. Yfir 130 milljónir kvenna í heiminum hafa þurft að þola limlestingu á kynfærum sínum. Vonandi verður þessi skaðlegi siður upp-rættur sem fyrst og bann við honum fest í lög.

### **Konur kjósa og bjóða sig fram til kosninga í fyrsta sinn í Sádi-Arabíu**

Konur kusu og buðu sig fram í fyrsta sinn til borgar- og sveitastjórnarkosninga í Sádi-Arabíu þann 12. desember.



*Bidhya Devi Bhandari var kosin forseti Nepal fyrst kvenna árið 2015.*

Konur hafa staðið frammi fyrir gífurlegum hindrunum í baráttu sinni fyrir að fá að bjóða sig fram og kjósa á leið sinni til valda og áhrifa í Sádi-Arabíu. Í kringum sjö þúsund manns buðu sig fram til kosninga og kepptust um 2.100 þingsæti.

979 konur voru á meðal frambjóðenda en 1,35 milljónir karlmanna og 130 þúsund konur voru á kjörskrá. Óskandi er að kosningarnar marki upphaf nýrra tíma sem auka réttindi kvenna og stúlkna í Sádi-Arabíu.

### **Kona kosin forseti í fyrsta sinn í Nepal**

Bidhya Devi Bhandari var kosin forseti Nepal fyrst kvenna á árinu. Árin 2009-2011 starfaði Bhandari sem varnarmálaráðherra landsins en hafði einnig áður látið til sín taka sem ötul baráttukona fyrir pólitískri valdeflingu kvenna þar í landi. Fleiri konur létu til sín taka á sviði stjórnmalanna í heiminum árið 2015, líkt og Kolinda Grabar Kitarovic sem varð fyrst kvenna og jafnframt yngsti forseti sem kosinn hefur verið í Króatíu. Máritanar kusu einnig í fyrsta sinn konu sem forseta, Bibi Ameen Firdaus

GuribFakim og Zekra Alwach var fyrst kvenna sett í embætti borgarstjóra Baghdad, höfuðborgar Íraks. Þann 1. desember 2015 gegndu 13 konur embætti þjóðhöfðingja og 12 konur embætti forsætisráðherra í heiminum og það er heimsmet.

### **„Af því nú er árið 2015“**

Ný ríkisstjórn Kanada, með Justin Trudeau í broddi fylkingar, var kynnt á árinu og í samræmi við yfirlýstar áherslur forsætisráðherrans voru kynjahlutföllin jöfn. Bættist Kanada þar með í myndarlegan hóp ríkja sem hafa náð kynjajöfnum ríkisstjórnnum. Þeirra á meðal eru, Ísland, Finnland, Grænhöfðaejyar, Svíþjóð, Frakkland og Liechtenstein.

Þess ber einnig að geta að sjöunda árið í röð tróndi Ísland á toppnum yfir þær þjóðir þar sem ríkir mesta jafnréttið í heiminum árið 2015, samkvæmt World Economic Forum. Mikilvægt er þó að minna á að því fylgir ábyrgð að vera best.



# Ársreikningur

Tekjur á árinu 2015 námu tæpum 84,3 m.kr., þar af eru söfnunartekjur vegna Systralagsins, helstu fjáröflunarleið samtakanna, um 65,3 m.kr. Félagsmenn greiddu 1,1 m.kr. í félagsgjöld. Rekstrarstyrkir námu 10,9 m.kr., þar af komu 9,5 m.kr. frá utanríkisráðuneytinu samkvæmt samstarfssamningi. Aðrar rekstrartekjur og styrkir námu tæplega 7 m.kr þar af voru tekjur vegna vörsölu 4,2 m.kr. Áherslan í fjáröflun samtakanna á árinu var að fjölga félögum í Systralaginu. Þannig tekst okkur að styrkja stoðir reksturs samtakanna og tryggja viðvarandi framlög til verkefna UN Women í fátækustu löndum heims.

Hlutverk landsnefndar UN Women er þrjúþætt, að vera málsvari kvenna í fátækustu löndum heims, að kynna og afla fjár til verkefna og starfsemi UN Women víða um heim sem og réttindagæsla. Rekstrarkostnaður landsnefndarinnar nam rúmlega 36,5 m.kr á árinu 2015. Starfsmannatengdur kostnaður er stærsti útgjaldaliður skrifstofunnar og nam hann um 23,1 m.kr á árinu



en hjá landsnefndinni störfuðu þrjú starfsmenn í fullu starfi ásamt fjölda götukynna auk þess sem úthringiver var starfrækt. Annar rekstrarkostnaður skrifstofu nam tæpum 5 m.kr., en landsnefnd UN Women deilir skrifstofu með UNICEF á Íslandi og Félagi Sameinuðu

þjóðanna. Kostnaður vegna fjáröflunar nam 6,5 m.kr. og kostnaður vegna kynningarstarfs nam 1,9 m.kr.

Framlag landsnefndar til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2015 nam 47,7 m.kr. Framlöggin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning og/eða bregðast við ef myndast neyðarástand á borð við náttúruhamfarir eða farsóttir. Auk þess studdi landsnefndin Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og sjóð er tengist verkefninu Öruggar borgir. UN Women ákvað að styðja við vöxt landsnefndarinnar og heimila henni tímabundið að halda eftir hærra hlutfalli af framlögum til að stækka Systralagið og tryggja þannig viðvarandi hækkun framlaga til verkefna UN Women. Samkvæmt samkomulagi verður framlag landsnefndar til verkefna 75% af öllum söfnunartekjum en meðan á aðlögunartíma stendur renna 75% af vörsölu og styrkjum til verkefna en 65% af Systralagstekjum. Aðlögunartíma lýkur árið 2016.

## Helstu tekjur og gjöld

### Helstu tekjur og gjöld

Söfnunarfé Systralagsins .....	65.288.027
Félagsgjöld .....	1.112.000
Framlög til rekstrar .....	10.868.699
Aðrar rekstrartekjur og styrkir .....	6.993.882
Samtals .....	84.262.608
Kostnaður vegna fjáröflunar .....	12.173.471
Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs .....	7.005.690
Viðburðir .....	3.391.059
Annar rekstrarkostnaður þ.m.t. réttindagæsla .....	13.967.746
Samtals .....	33.365.972
Framlög til verkefna UN Women .....	47.682.629

# English Overview

## Fundraising

### The Sisterhood Project

UN Women relies solely on voluntary contributions from the general public with monthly donations as well as from the private sector to enhance gender equality and the empowerment of women.

The Sisterhood Project, often called the heart of the NCI, continues to be the main fundraising method of the organization and has consistently grown since 2009. The NCI continued its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women alongside Core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes. These contributions sustain programmes supported by UN Women and affirm support for gender equality. The NCI also supported the Safe Cities Global Initiative. It is the first-ever global programme that develops, implements and evaluates tools, policies and comprehensive approaches on the prevention of and response to sexual harassment and other forms of sexual violence against women and girls across different settings.

By the end of 2015, the number of monthly donors was 5.074, a 16 percent increase from the year before. 56 percent of new donors were women and 44 percent were men. Loyal supporters of the Sisterhood enable the NCI to continue to grow and increase their financial support to UN Women projects around the world. We are proud to announce a 16% increase in contribution to UN Women between 2014 and 2015.

### Face2face

Since 2009, the NCI has promoted the Sisterhood Project every summer by employing a group of Street "facers". This is one of the most important

fundraising methods of the NCI as most new donors sign up via facers. This year was no exception, a passionate group of young adults roamed the streets of Reykjavik and surrounding municipalities and encouraged the public to join the campaign by becoming monthly donors. The NCI has also dedicated more effort to reach people over the phone which has proven an effective way to reach out to new supporters.

### Donation Boxes

Since 2012, the NCI has distributed special donation boxes to all major cafés, restaurants and shops in the greater Reykjavik area. This fundraising technique has become a steady source of income of about 5.000 USD for the NCI.

### Gift Certificates

The NCI's gift certificates make great presents for those who seem to have everything. The NCI has also received big donations from trusted benefactors who at different occasions have turned down conventional presents and asked friends and family to donate instead to the NCI.

### The Reykjavik Marathon

Over 4.000 USD were raised for the NCI at the annual Reykjavik Marathon. We are grateful to the group of runners who ran in the name of UN Women and their supporters.

### Bracelets

The NCI sold bracelets during February in Lyfja pharmacy, all over Iceland. The bracelet was solely promoted through Social Media. Many people took part in the campaign by posting photos of themselves wearing the bracelet on Facebook, Instagram and Twitter. Thanks to great social media reach, the

bracelets sold out in only two weeks. The profit went to The UN Trust Fund to End Violence against Women.

## Awareness Raising

### #HeForShe

HeForShe is a solidarity campaign for gender equality initiated by UN Women. Its goal is to engage men and boys as agents of change for the achievement of gender equality and women's rights, by encouraging them to take action against negative inequalities faced by women and girls. It was a HeForShe year for Iceland. In May, the NCI launched a local HeForShe Campaign where men and boys were encouraged to take the pledge as well as to take the extra step and become monthly donors of the Sisterhood Project. During HeForShe's first anniversary in September, men and boys were encouraged to sign up as HeForShe. UN Women Executive Director Phumzile Mlambo-Ngcuka visited Iceland during the International Conference Celebrating the Centenary of Women's suffrage in Iceland in October. On that occasion, the NCI, in collaboration with the Icelandic MFA, threw an open event at Harpa Conference Hall where the ED along with Elizabeth Nyamayaro, the brain behind the HeForShe Campaign, had an informal discussion with three Icelandic men that explained why they signed up as HeForShe and what gender equality means to them. Around 250 people attended the meeting. Since the launch of HeForShe, the NCI has, for the first time, targeted men and boys especially. The response has been overwhelmingly positive.

### One Billion Rising

The NCI celebrated One Billion Rising for the fourth time in collaboration with the

music festival Sónar Reykjavík. Nearly 2.500 people around the country escalated their efforts, rose up and danced against gender-based violence. The event took place at Harpa Music Hall in Reykjavík, at Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður, Reykjanesbær, Höfn í Hornafirði, Neskaupstað and Westman Islands. One Billion Rising was a beaming success and has become a sought after event for people around the country.

### **Beijing +20**

UN Women celebrated the 20th anniversary of the Beijing Declaration and Platform for Action in 2015. The platform still remains a powerful source of guidance and inspiration. On that occasion, a yearlong campaign, Beijing+20, was launched. The anniversary of the Beijing Platform opened new opportunities to reconnect, regenerate commitment, charge up political will and mobilize the public. UN Women launched [www.beijing20.unwomen.org](http://www.beijing20.unwomen.org) with monthly focus points that highlighted the twelve critical issues of the platform. The NCI took active part by posting news and pictures concerning Beijing+20 on the NCI's social media.

### **School visits**

Members of the NCI's Youth Council as well as staff members of the NCI visited different schools and workplaces to promote the work of UN Women. The enthusiastic Youth Council visited over 21 schools throughout the year raising awareness about UN Women and the NCI with representation of various events within the universities and other platforms.

### **Conference on Equal Rights Affairs**

Reykjavík Energy received the second annual Award for Gender Equality in

the Workplace from the NCI in collaboration with Festa – Icelandic Center for Corporate Social Responsibility, SA – Business Iceland and the Ministry of Industries and Innovation on May 28th 2015. The awards were handed out by Ragnheiður Elín Árnadóttir, Minister of Industries and Commerce, at a collaborative conference on gender equality called „Do traditional occupations for men and women exist?“ The goal of the awards is to encourage companies in Iceland to work towards achieving gender equality in all aspects of their business. Speakers at the conference were Rannveig Rist Director of of Rio Tinto Alcan, the first company to receive the awards in 2014, Birna Bragadóttir from Reykjavík Energy that spoke of gender equality in their businesses and how to ensure equal opportunities for both genders in all occupations. She, additionally, introduced an initiative that Reykjavík Energy just launched to encourage girls to pursue careers in technology. Also speaking was Sigurður Snævarr, an economist from Statistics Iceland who presented results of a new report on the gender pay gap in Iceland. Reykjavík Energy received the award for Gender Equality for having worked actively on advancing gender equality in every division of the company. The company strives to be a role model for others concerning gender equality in the workplace and actively contributes to changing attitudes towards traditional male and female jobs.

### **Breakfast meeting on Equal Rights Affairs**

In November, the NCI together with Festa – Icelandic Center for Corporate Social Responsibility and SA-Business Iceland held a breakfast meeting on

the Women's Empowerment Principles and invited key stakeholders to participate, i.e. Icelandic companies that have signed the WEP's, to create a platform for the companies to share best practices. Soffía Sigurgeirsdóttir, board member of the NCI, introduced the principles, CEOs of two major WEP companies in Iceland, Landsbankinn and VÍS, introduced their implementation of the WEPs, and finally Bergljót Þrastardóttir from The Centre for Gender Equality explained the legal obligations of companies concerning board room quotas.

## **Advocacy**

### **Government support**

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs have a co-operation agreement. According to the agreement, the MFA stipulated a 9.6 million ISK (approx. 76.000 USD) contribution to the NCI in 2015. The NCI, in return, works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325, regarding Women, Peace and Security and other related resolutions. The NCI held a seminar on Resolution 1325 for Icelanders going abroad on Peace Keeping Missions.

The Icelandic Government continues to support UN Women as one of four key entities supported by the Ministry for Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with 176.4 million ISK (approx. 1.4 million USD). The financial support includes a core contribution to UN Women, the UN Trust Fund to End Violence against Women as well as others smaller contributions to other UN Women's initiatives in Afghanistan, Palestine and Ukraine.



Guðrún Norðfjörð, Guðrún Ögmundsdóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir, Arna Gerður Bang, Örn Úlfar Sævarsson, Ólafur Stephensen, Kristjana Sigurbjörnsdóttir, Vilborg Ólafsdóttir og Karen Áslaug Vignisdóttir. Á myndina vantar Frímenn Sigurðsson, Fanneyju Karlsdóttur og Hrefnu Dögg Gunnarsdóttur.

## Við erum UN Women árið 2014-2015

### Formaður

Guðrún Ögmundsdóttir

### Varaformaður

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

### Gjaldkeri

Magnús Orri Schram

### Meðstjórnendur

Arna Gerður Bang

Frímenn Sigurðsson

Guðrún Norðfjörð

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Karen Áslaug Vignisdóttir

Ólafur Stephensen

Soffía Sigurgeirsdóttir

Örn Úlfar Sævarsson

### Varastjórn

Fanney Karlsdóttir

Vilborg Ólafsdóttir

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 30. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Guðrún Ögmundsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu formanns og var jafnframt ein til þess að bjóða sig fram og var því sjálfkjörin. Þá gaf Þórður Snær Júlíusson ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og hlaut nýr stjórnarmeðlimur kosningu, Örn Úlfar Sævarsson. Soffía Sigurgeirsdóttir lét af setu í varastjórn og tók sæti í stjórn samtakanna auk þess sem Vilborg Ólafsdóttir, lét af varastjórnarsetu um mitt ár vegna anna. Þeim er öllum þakkað kærlega fyrir vel unnin störf.

### Starfskonur landsnefndar UN Women á Íslandi:

Hanna Eiríksdóttir

Inga Dóra Pétursdóttir (fæðingarorlof)

Marta Goðadóttir

Snædís Baldursdóttir

# Þakkir

Marabonhlauparar  
Ungmennaráð UN Women  
Diljá Ámundadóttir  
Ámundi Sigurðsson  
Saga Garðarsdóttir  
Hörður Ásbjörnsson  
Hallur Karlsson  
Kristján Páll Kolka Leifsson  
ORA  
Puríður og Sigurbjörg fyrir fatamarkaði á Akureyri  
Starfsfólk Hörpu  
Sónar Reykjavík  
DJ Margeir  
Reykjavík Lunch beat  
Sjálfbóðaliðar á Milljarður rís  
Söngvarar á Milljarður rís; Daníel Ágúst og Ásdís  
Starfsfólk Lyfju  
Landsbankinn  
Allir sem komu að Milljarður rís á Ísafirði, Akureyri,  
Seyðisfirði, Neskaupstað, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ  
og Höfn í Hornafirði.  
Reitir Fasteignafélag hf.

Landsnefnd UN  
Women á Íslandi  
Laugavegi 176, 5. hæð  
105 Reykjavík  
S: 552-6200  
[www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)